

Jólafundur

Jólafundur Iðunnar verður haldinn í Gerðubergi föstudaginn 8. desember klukkan 20.00 að venju. Meðal efnis á dagskrá fundarins er hljóðfæraleikur piltanna sem spiluðu á síðasta þorablóti, Hilmar Örn Hilmarsson allsherjar-góði mun fjalla um jól í heiðnum sið og kristnum, Smári Ólason tónlistar-fræðingur flytur jólatengt efni, Pétur Björnsson mun flytja annan þátt rím-unnar sem hann byrjaði á síðast og svo kemur allt hitt. Kokkurinn ætlar að hafa hlaðborð með kökum og brauðtertum og vill fá 1500 kall fyrir sinn snúð. Sjáumst þar með glöðu geði.

Iðunnarfundir til vors 2007

- | | |
|---|---|
| 1. Miðvikudagur 3. janúar.
Kvæðalagaæfing. | 5. Miðvikudagur 7. mars.
Kvæðalagaæfing. |
| 2. Föstudagur 5. janúar.
Fundur, rímnalaganefnd sér um
dagskrá. | 6. Föstudagur 9. mars.
Aðalfundur, stjórnin sér um dag-
skrá. |
| 3. Miðvikudagur 7. febrúar.
Kvæðalagaæfing. | 7. Miðvikudagur 11. apríl.
Kvæðalagaæfing. |
| 4. Föstudagur 9. febrúar.
Þorrafundur, vísnanefnd sér um
dagskrá. | 8. Föstudagur 13. apríl.
Fundur, dagskrá rímnalaganefndar. |

Allir fundir og kvæðalagaæfingar félagsins fara fram í Gerðubergi og hefjast stundvíslega kl 20:00 og lýkur um kl 22:30.

Tölvupóstföng

Fréttablaðið hefur lengst af verið sent félagsmönnum með hefðbundum aðferðum póstsins. Það væri mikill sparnaður fyrir félagið ef sem flestir gætu tekið á móti fréttablaðinu á rafrænu formi með tölvupósti. Best væri að sem flestir gætu haft þann háttinn á, en ljóst er að blaðið verður áfram sent á hefð- bundinn hátt til þeirra sem ekki hafa aðgang að tölvupósti.

Nýr og lítið notaður Iðunnarfélagi, Benedikt Jónsson, hefur nú tekið að sér umsjón með fréttablaðinu sem og vefsíðu félagsins. Um leið og við bjóðum hann velkominn til þessara verka skal þakka þeim vel sem áður höfðu sinnt því sama, þeim Jóni Ingvari Jónssyni skáldi og Pétri Björnssyni kvæðamanni.

Vinsamlegast sendið upplýsingar um tölvupóstföng til Benedikts á tölvu- póstfangið bjons@strik.is.



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

103. tölublað – 27. árgangur

Desember 2006

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ábm: Steindór Andersen, S. 5 652 652

Aðventuspjall

Nú nálgast óðum hátíð ljóssins, jólin. Þessi hátíð hefur sett mark sitt á líf manna hér á landi frá því að land byggðist. Fyrir á tímum tengdu menn jólin einkum við hækandi sól, en eftir að kristni var lögtekin urðu þau smám saman að fæðingarhátíð frelsarans.

Sérhver maður á sínar sérstöku jólaminningar. Tengjast þær ýmsum hefðum sem mótuðust með fjölskyldunni, sumum svo sterkum að fólk getur vart hugsað sér jólahald án þeirra. En hefðirnar breytast um leið og kynslóðirnar hverfa á vit feðra sinna. Þó reyna margir að halda í eitthvað af því sem þeir tileinkuðu sér á æskuskeiði. Þar má nefna kirkjuferðir ásamt vissum hefðum í mat og drykk. Sú eindrægni, sem reynt er að halda innan fjölskyldna um þetta leyti, leiðir oft til þess að fólk hugsar til liðinna jóla og minnst látinna ástvina sinna. Margt, fullorðið fólk hefur tjáð mér að því séu jólin hátíð söknuðar þess er var og á þessari hátíð gleðinnar finni það til meiri einmannakenndar en á öðrum tímum árs.

Á undanförunum árum hefur tími jólanna lengst. Sumar verslanir auglýsa jólavarning um eða upp úr miðjum október og halda því jafnvel fram að jólin hefjist hjá þeim. Fyrir nokkrum árum tóku útvarpsstöðvar jafnvel að leika jólalög í nóvember, en mér heyrir að sú þróun hafi að mestu leyti stöðvast. Þótt kristna kirkjan hafi tekið hina fornu hátíð, jólin, upp á arma sína þegar í fornöld hefur hátíðin á umliðnum áratugum orðið uppspretta vaxandi neyslu og græðgi. Þannig er nú svo komið að jólaverslunin skiptir flestar verslanir miklu máli um allan hinn vestræna heim og þótt víðar væri leitað og samkvæmt könnunum eyðir fólk hér á landi stöðugt meira fé til jólagjafa. Í nýrikum þjóðfélögum Austurlanda, þar sem velmegun almennings hefur vaxið mjög, er aðventan víða að verða tími kaupædis og skemmtana. Fæstir vita þar um hvað jólin snúast, einungis að þau eru tími ærsla, gjafa og glyss.

Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við að Íslendingar nútímans vilji lýsa upp

myrkrið og því fagna flestir ljósadýrðinni sem brestur á í upphafi aðventunnar. Boðskapurinn, sem kirkjan flytur, virðist hins vegar fara framhjá flestum og við látum okkur yfirleitt litlu skipta kjör þeirra sem höllustum fæti standa í þjóðfélaginu. Undanfarin ár hefur ríkisvaldið sótt að öryrkjum og lífeyrisþegum um þetta leyti og svipt margan þeirri ró, gleði og innra friði sem hver og einn vill njóta á þessari hátíð ljóss og friðar.

Íslenskt samfélag breytist nú ört og hingað flyst fólk af ólíku þjóðerni. Sumir þessara nýju Íslendinga vilja gjarnan tileinka sér þær hefðir sem myndast hafa hér á landi, en öðrum er í mun að halda í siði heimalands síns. Í fjölmenningsamfélagi nútímans hlýtur því jólahátíðin jafnframt að verða hátíð umburðarlyndis í garð náungans.

Sú ósk er hér borin fram, að jólahátíðin verði okkur öllum til umhugsunar um það, hvernig við getum skilað landinu áleiðis til komandi kynslóða og hvernig við getum aukið jöfnuðinn í samfélaginu. Megi hátíðin verða mönnum gleðirík og minningar um liðnar stundir ylja þeim um hjartaræturnar.

Arnþór Helgason, hljóðritari Iðunnar.

Vísur frá síðasta Iðunnarfundi

Jói í Stapa kynnti nýútgefna ljóðabók sína er bar heitið Axarsköft.

Undur gerast ýmis hér
ója því er miður.
Ég er orðinn opinber
axaskaftasmiður.

Jói í Stapa

Ritdómur um Axarsköft.

Jói fagurt mótar mál,
myndrænt ljóðastefið.
Hlut af sínum hug og sál
hefur okkur gefið.

Sigmundur Benediktsson

Heilög þrenning hefur misst
hald á prestum sínum,
blóta Mammon, berja Krist
og bergja á góðum vínnum.

Árni Einarsson

Vatnsnesingar skiluðu í Skáldu tveimur sléttuböndum.

Gera náum Skáldu skil,
skreyta fáum línun,
bera þráum einhvern yl,
ykkar gáfum finum.

Náðum hérna finum fund,
færum þakkir bliðar,
kváðum núna stutta stund,
stemmu tökum síðar.

Agnar J. Levy, Hrisakoti

Máninn vaxandi.

Gleður augun gæðakar!
gægist ofar brúna,
þessi heiðurs himnajarl
hífaður er núna.

Bjargey Arnórsdóttir

Litla hagrðingamótið

Á fundi Iðunnar, sem haldinn var í Gerðubergi, 3. nóvember síðastliðinn, var nýr dagskrárliður reyndur – Litla hagrðingamótið. Það fór þannig fram að þrír félagar, þau Sigrún Haraldsdóttir, Ragnar Böðvarsson og Helgi Zimsen fengu að glíma við yrkisefni: haust, tíminn og hvalir. Af þessu varð ágæt skemmtun eins og sést af vísunum sem koma hér á eftir. Aðrir þrír hagrðingar hafa nú fengið úthlutað yrkisefnum fyrir næsta fund og ætlunin er að fá sem flesta til að taka þátt í þessu.

Haust

Hér náfól sólin nennir varla að skína
og nóttin varir fram á miðjan dag,
gleði minni tókst mér loks að týna,
svo tel ég víst ég fái bráðum slag.

Sigrún Haraldsdóttir

Haustið er að halda á braut
ég hygg að síðan komi vetur.
Honum fylgir hálfgerst staut,
hálsa, snjór og allskyns þraut.

Ragnar Böðvarsson

Foldarskartið flæmdist út
finnst í hlýrri löndum.
Stífan rembi- hnýtti –hnút
haust með klakaböndum.

Helgi Zimsen

Hvalir

Litla eigum veika vörn
í vandlætningarflóði
þjóða er markvisst myrða börn
meður köldu blóði.

Sigrún Haraldsdóttir

Varasamt er að veiða hval
vitað ég hef það nokkuð lengi.
En gjarnan þess ég geta skal
að gott er bragð af súru rengi.

Ragnar Böðvarsson

Græningja ef gegna á
grófu alræði
langreiðir hér lifa þá
og lúta kvalræði.

Helgi Zimsen

Tíminn

Stundum var það að stormur á mig blés.
Stundum reyndist beiskur lífsins drukkur,
og nú hefur tíminn teiknað á mitt fés
tíu djúpar ellimarkahrukkur.

Sigrún Haraldsdóttir

Plagar nag af tímans tönn
tyllist felling, hrelling.
Trant með gantast óð í önn
elli- brellin –kelling.

Helgi Zimsen